

Mánudaginn 2. nóvember 1964.

Nr. 148/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jósteini Magnússyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómsmennur:

hæstaréttardómarmenn Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línal.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði árfýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jósteinn Magnússon, greiði allan árfýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1963.

Ár 1963, föstudaginn 9. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3640/1963: Ákærvaldið gegn Jósteini Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 20. nóvember s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Jósteini Magnússyni, þá atvinnulausum og heimilislausum, en nú verkamanni, Kirkjustræti 2, hér

í borg „fyrir skjalafals. Þykir hann hafa framið brot þetta með því að selja Búnaðarbanka Íslands hinn 15. desember 1961 10.000.00 króna víxil, útgefinn 12. desember 1961 með gjalddaga 12. febrúar 1962, samþykktan af sér, en á víxilinn hafði hann falsað nafn Sveinbjargar Kristinsdóttur, Barmahlíð 11, sem útgefanda og framseljanda“.

Telst brotið varða við 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. apríl 1919 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1935 3/12 Reykjavík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1936 9/10 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Látið falla niður með tilliti til æsku kærða og þess, að hér var um lítið verðmæti að ræða.
- 1938 22/10 Reykjavík. Sátt, 25 kr. sekt og 5 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 78. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1942 3/3 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. laga nr. 13/1941.
- 1943 7/5 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir óleyfilega áfengis-sölu.
- 1945 9/11 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.
- 1946 4/2 Reykjavík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1946 31/5 Reykjavík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 17. gr. áfengislaga.
- 1946 31/5 Reykjavík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1946 18/10 Reykjavík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1946 29/12 Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 2/8 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1951 4/7 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1952 29/7 Reykjavík. Dómur: Fangelsi 3 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi.

- 1953 23/10 Hafnarfjörður. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1960 7/12 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1961 13/3 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1961 7/7 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga og 19. og 50. gr. sömu laga.
- 1962 27/9 Reykjavík. Sátt, 1500 kr. sekt fyrir tékkamisferli o.fl.
- 1962 17/9 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Ákærði hefur í nokkur ár þekkt Sveinbjörgu Guðfinnu Kristinsdóttur, frú, Barmahlíð 11, hér í borg, og bjó hann hjá henni um eins árs bil. Árið 1960 ritaði hún að beiðni hans nafn sitt sem útgefandi víxils, sem mun hafa verið að fjárhæð kr. 10.000.00, en ákærði var samþykkjandi hans. Ákærði gat ekki greitt víxil þenna að fullu, og greiddi hún hluta fjárhæðarinnar. Árið 1961 bað hann hana nokkrum sinnum að rita nafn sitt sem útgefandi á víxla, sem hann væri eða var samþykkjandi á, en hún neitaði því ávallt.

Hinn 15. desember 1961 var ákærði fjárþurfi. Hringdi hann þá til Sveinbjargar Guðfinnu og bað hana um að rita nafn sitt sem útgefandi á víxil, að fjárhæð kr. 10.000.00, sem hann væri samþykkjandi á, en hún neitaði því. Ákærði var í þetta skipti hér í miðborginni með víxileyðublað, og fékk hann mann, sem hann kveðst ekki vita deili á, til að fylla eyðublaðið út á þann veg, að ákærði var talinn samþykkjandi víxils með útgáfudegi 12. desember 1961 og með greiðsludegi 12. febrúar 1962, að fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði ritaði síðan nafn sitt sem samþykkjandi víxilsins og falsaði jafnframt nafn nefndrar Sveinbjargar Kristinsdóttur, Barmahlíð 11, sem útgefanda og ábekings víxilsins. Hann kveðst ekki hafa sérstaklega þekkt rithönd hennar, en þó séð hana oft, og hafi hann ekki reynt að breyta rithönd sinni við fölsunina. Ákærði fór því næst með víxilinn í Búnaðarbanka Íslands og tókst að selja hann þar. Hann notaði andvirðið til greiðslu á eldri skuldum sínum, en að nokkru í drykkju-skaparóreglu.

Víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga, og var hann afsagður 14. febrúar f. á. Var síðan af hálfu Búnaðarbankans höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ákærða og Sveinbjörgu Guðfinnu til greiðslu víxilsins. Þau hvorki sóttu né létu sækja þing,

og var málið dómtekið 22. september f. á. og kveðinn upp dómur í því 22. sama mánaðar, þar sem stefndu voru dæmd til að greiða bæði fyrir annað og annað fyrir bæði bankanum fjárhæð víxilsins auk vaxta, þóknunar, afsagnar- og sakarkostnaðar. Á grundvelli dómsins var síðan 25. janúar s.l. fjárnám gert í eign Sveinbjargar Guðfinnu, 1. hæð Barmahlíðar 11, en uppboð hefur eigi farið fram. Sveinbjörg Guðfinna kveðst hafa farið norður á Langanes 7. júní f. á. og eigi komið aftur til Reykjavíkur fyrr en 20. september sama ár, en þá hafi verið heima hjá henni stefna umrædds víxils.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Fébótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi á hendur ákærða í málinu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jósteynn Magnússon, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
